

Nr. 1.
30.
janúar.

Auglýsing

um

innköllun allra hinna eldri landssjóðsseðla, er gefnir hafa verið út handa landsbankanum og ganga manna á meðal.

Samkvæmt lögum 10. nóvember 1905 um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla er hjer með ákveðið, að 50, 10 og 5 króna seðlar þeir, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands 25. maí 1886, sbr. konungsráðsúrskurð 20. s. m., og gefnir hafa verið út fyrir landssjóð Íslands handa landsbankanum og ganga manna á meðal, skuli frá 1. febrúar 1909 hætta að vera löglegur gjaldeyrir í landssjóð og manna á meðal, og ber því þeim, sem hafa í höndum seðla þessa, að gefa sig fram innan þessa frests við landsbankann í Reykjavík eða útibú bankans á Akureyri og Ísafirði eða Landmandsbanken í Kaupmannahöfn til þess að fá þeim skipt fyrir hina nýju landssjóðsseðla, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands 24. júlí 1907. Ef þeir, er í höndum hafa hina nefndu eldri seðla, koma ekki fram með þá innan framangreinds tíma, þá skulu seðlar þeir ógildir vera án frekari innköllunar og til einskis nýtir, svo að engin krafa verður upp frá því á þeim byggð.

Þessi auglýsing skal birt verða þrem sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn og til frekari leiðbeiningar þeim, er í hlut eiga, lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt sem fyrir er mælt í tilskipun 8. október 1824, 2. gr.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að mæli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. janúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Bekendtgørelse

angaaende

Nr. 1.

30.

Januar.

Indkaldelse af samtlige ældre i Omløb værende af Landskassen til Landsbanken udstedte Sedler.

I Henhold til Lov af 10. November 1905 om Indkaldelse af Landskassens Sedler og Udstedelse af nye Sedler bestemmes herved, at de i Islands Ministeriums Bekendtgørelse af 25. Maj 1886, jfr. allerhøjeste Resolution af 20. s. M., omhandlede, af Islands Landskasse til Landsbanken udstedte og i Omløb værende 50, 10 og 5 Krone-sedler skulle fra 1. Februar 1909 ophøre at være lovligt Betalingsmiddel saavel til Landskassen som imellem Mand og Mand, hvorfor Ihændehaverne af bemeldte Sedler inden den nævnte Frist bør melde sig hos Landsbanken i Reykjavik eller dens Filialer i Akureyri og Isafjord eller Landmandsbanken i København for der at erholde fornævnte Sedler ombyttede med Landskassens i Islands Ministeriums Bekendtgørelse af 24. Juli 1907 omhandlede nye Sedler. De nævnte ældre Sedler, hvormed Ihændehaverne ikke melde sig inden den fornævnte Frist skulle uden videre Indkaldelse være døde og magtesløse og uden Kraft og Gyldighed til derefter at kunne gøre nogen Fordring.

Løvrigt bliver denne Bekendtgørelse at indføre 3de Gange efter hinanden i Islands offentlige Bekendtgørelsestidende og i Statstidenden i København og til yderligere Efterretning for alle vedkommende paa Landet at læse til Kirkestævne paa den i Forordning af 8. Oktober 1824 § 2 foreskrevne Maade.

Hvilket herved kundgøres til Efterretning for alle vedkommende.

Islands Ministerium, den 30. Januar 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.